

# STUNDARFRÓ

Brot úr væntanlegri skáldsögu  
eftir Orra Harðarson



[www.starafugl.is](http://www.starafugl.is)  
2014  
Öll réttindi áskilin.

Það var Stuðmannaball í Sjallanum. Sumarið 1989. Yfirskriftin: Hjarðmenn hins holdlega krafts. Frasinn var mögulega runninn undan rifjum hljómborðsleikara sveitarinnar, sem þótti svo orðhagur að þegar menn mættu honum á förnum vegi lét hann sig jafnvel ekki muna um að mæla undir fornyrðislagi.

Dísa var rétt orðin átján ára og enn næsta óspjölluð á sálinni, þó að holdið hefði þá þegar sitthvað reynt. Hún kom auga á Arinbjörn þar sem hann sat einn úti í horni við stigann. Rosalega er þetta sætur strákur, hugsaði hún. Hann leit upp og brosti með brúnum augunum, þeim fegurstu sem hún hafði nokkru sinni séð.

Hún kom sjálfri sér á óvart og settist hjá honum. Rjóð í kinnum tók hún samstundis að titra í hnjónum, vandræðalega allsgáð. Blaðraði svo einhverja vitleysu um daginn og veginn, roðnaði svolítið meira og missti næstum andann.

Arinbjörn var drukkin en fjarska myndarlegur. Eitthvað svo umkomulaus, þrátt fyrir yfirvegum og sýnilegt sjálfsöryggi. Hann var lágvaxinn og grannur, en samt einhvern veginn of stór fyrir samkvæmið. Eins og kvikmyndastjarna. Í svörtum síðfrakka, með hatt á höfði.

Það var engu líkara en hann væri rétt kominn úr tókum á bíómynd um ævi einhvers bóhems og skálds, en ætti bara erfitt með að hrista af sér rulluna; eins og klisjulegt kvikmyndahandritið sæti enn í honum. Hann horfði á hana eins og almættið hefði úthlutað honum eksklúsívu útsýni yfir tilfinningalíf hennar og hugsanir.

– Ef þú værir hafið vildi ég drukkna í þér, sagði hann og lét hálfreykta sigarettuna falla ofan í tómt rauðvínsglasið. – Þú, Þórdís, þú ... ert dúr. Glöðvær og tær. En ég ... ég er aftur meira svona moll.

Enginn hafði áður kallað hana Þórdísi, nema til áhersluþunga þegar hún var skömmuð fyrir eitthvað í skólanum eða heima fyrir. Annars

var það alltaf bara Dís. Og aldrei hafði nokkur maður talað svona blíðlega til hennar; hvíslað hægum, þýðum rómi: ástin mín. Það gildi einu þótt röddin væri eilítið drafandi.

Hún var óörugg og tilvistarkreppt alþýðustúlka. Kláraði rétt skólaskylduna. Virtist dæmd til að pakka vondu súkkulaði í verksmiðjunni á daginn. Og dreyma það svo á nóttunni. Amma hennar taldi stundum kindur. En á leið sinni inn í draumalandið sá Dís bara Lindubuff.

Vitaskuld þráði hún eitthvað annað og meira. En menntavegurinn heillaði ekki þó að hann lægi bókstaflega í næsta nágrenni. Hann var ámóta fyrirsjáanlegur og súkkulaðið á færibandinu. Hún fékk þó allavega greitt fyrir að standa vaktina við það.

Dís las mikið, aðallega rómana og ljóðabækur úr hillum ömmu sinnar: Jón Trausta og Kristmann. Davíð og Huldu. Og Dalalíf Guðrúnar frá Lundi. Þetta voru kannski ekki merkilegustu heimsbókmenntirnar, en hún gleymdi sér alveg yfir þeim. Þær voru yndislegar þessar huggustundir í græna stofusófanum, með bók í hendi og pepsí innan seilingar. Amma Steina í hægindastólnum að þrjóna, með fæturna í nuddtækinu. Og stundum hlustuðu þær saman á útvarpssöguna sem barst úr eldhúsinu. Ört rennur æskublóð var ein. Höfundur las. Það gerði hann gjarnan.

Hún var ömmustelpa en allnokkuð sjálfstæð. Töff týpa, eins og sagt var. Ávallt svartklædd frá toppi til táar. Í sokkabuxum og síðri mussu. Leðurjakka og hermannaklossum. Hlustaði nær eingöngu á þunglyndislega jaðartónlist. Og pönkaraleg leðurólin sem hún fékk upphaflega við sinaskeiðabólgu í vinnunni yfirgaf aldrei úlnlið vinstri handar.

Bölsýnislegur klæðaburðurinn var brynja; ákveðin leið til að breiða yfir rómantíska heimssýn og viðkvæma lund. Yfirlýsing um þroska og vitundarvakningu; að barndómurinn væri að baki og hún þá

orðin þess albúin að mæta hverju sem er, í guðlausri veröld og flárri. En í sjálfu sér hafði hún lítið breyst, stúlkan er forðum sá sígarettustubba sem vorlauka í vanhirtum beðum fjölskyldubæjar. Hún kunni þá fágætu list að fegra heiminn með augunum.

Samt gat verið svo fjarska erfitt að vera til. Hún var ekki nema rétt níu ára gömul þegar fyrsti heimsverkurinn helltist yfir. Hvað átti hún að gera við allt þetta munnvatn? Þurfti hún í alvöru að kyngja þessu alla ævi? Tilhugsunin var íþyngjandi. Og framleiðslan jókst eftir því sem þankarnir ágerðust. En svo bráði smám saman af henni, venju samkvæmt. Dýrðin á ásýnd hlutanna varð ævinlega ofan á.

Arinbjörn, þessi dularfulli strákur að sunnan, var sannarlega himnasending. Það var auðvelt að falla fyrir rauðvinsleginni ljóðrænunni, enda kannski ekki úr háum söðli að detta. Þetta var ást við fyrstu sýn.

Eftir ballið gengu þau hönd í hönd út í heiðskíra sumarnóttina, suður eftir Hafnarstrætinu og inn Aðalstræti. Staðnæmdust svo við hús ömmu Steinu uppi í Lækjargilinu og læddust inn um þvottahúsdyrnar. Því næst varlega niður kjallaratröppurnar – það brakaði í þriðju, fjórðu og níundu – og svo beinustu leið inn í herbergi Dísu og upp í brakandi rúmið.

Þar elskuðust þau eins og enginn væri morgundagurinn. Nýrómantískt sálarpopp Sade í fermingargræjunum. Smooth Operator. Það voru orð að sönnu. Arinbjörn veitti henni unað sem hún þekkti til þessa aðeins úr dönskum blöðum. Svo lognaðist hann út af og pissaði á sig.

Dísa setti það ekkert fyrir sig. Hún bjó bara um notalegt flet á gólfinu og færði hann varlega þangað; lagðist svo hjá honum og hlustaði á hjartað hamast undir húðinni. Hún var alsæl og ástfangin. Upp fyrir haus.

Sólin yfir Vaðlaheiðinni gægðist inn um kjallaragluggann, gardína á

milli. Ilmur af nýslegnu grasi blandaðist saltri líkamslykt úrvinda  
elskenda. Mávagarg og krummakrunk. Hjólabjalla og barnshlátur.

Allt var þetta eins og Guð væri að búa til bíó, þar til skyndilegar  
drunur frá nálægri þungavinnuvél yfirgnæfðu blæbrigðin óskáldlega.  
Kjallaraerbergið hristist lítið eitt. Það var einhvern veginn viðeigandi  
að Arinbjörn skyldi vakna við pissubílinn.